

MAGNÚSARBAKARÍ

Tunga - Hótel Berg, Heimagötu 4

100 ára afmæli á gosdaginn 23.01.2022


Meðal hugmynda afkomenda Magnúsar Bergssonar, bakameistara og útgerðarmanns, er að útbúa minnisvarða á nýja hrauninu yfir þeim stað þar sem Tunga, Hótel Berg, stóð á Heimagötu 4.

Magnúsarbakarí var stofnað þar 23.01.1923 og á því 100 ára afmæli á sjálfan gosdaginn 23.01.2022.

Á vefsíðunni Heimaslóð stendur: „Magnús Bergsson fæddist 2. október 1898 og lést 9. desember 1961. Hann kvæntist Halldóru Valdimarsdóttur frá Bolungarvík þann 9. september 1924. Hún var fædd 7. september 1903 og lést 12. júní 1942. Þau bjuggu í Tungu við Heimagötu. Þar starfrækti hann bakarí.

Magnús var kosinn stjórnarformaður Ísfélags Vestmannaeyja árið 1956 og við hans stjórn stórbatnaði hagur fyrirtækisins. Eigendur tíu báta komu á sama tíma með mikið hlutafé sem var varið í nýbyggingar og endurnýjun á tækjabúnaði. Magnús var stjórnarformaður til 1959.

Magnús var einn af stofnendum Golfklúbbs Vestmannaeyja (1938). Hann var varaforseti í fyrstu stjórn Rotaryklúbbs Vestmannaeyja og annað starfsár klúbbsins var hann forseti. Hann var einn af níu stofnendum Taíffélags Vestmannaeyja árið 1926.“



Magnús Bergsson bakameistari og útgerðarmaður



Magnús Bergsson bakameistari með konu sinni Dóru Reyndal og börnum þeirra f.v: Þóra Magnúsdóttir, Dóra Hanna Magnúsdóttir og Bergur Magnússon. Júlíus Gísli Magnússon situr í fangi móður sinnar

MINNISVARÐAR Á NÝJA HRAUNINU:

Það eru nokkrir minnisvarðar á nýja hrauninu m.a. um Kiwanisklúbbinn Helgafell, Oddfellowhúsið Herjólfsbæ og Vatnsdal. Vatnsdalsreiturinn er mjög vel heppnaður, þar sem gott er að setjast og slaka á eftir góða göngu eða hjólatúr og njóta útsýnisins. Í góðu veðri heyrir vel í kindum, fugli og ferðamönnum á Heimakletti.



Kiwanisklúbburinn Helgafell



Herjólfsbær - Oddfellow



Vatnsdalur



Vatnsdalur



STAÐSETNING:

Minnisvarðinn um Magnúsarbakarí yrði þar sem það stóð við Heimagötu 4. Á nýja hrauninu yrði það við göngu- stíginn, gegnt Herjólfsbæ.



TILLAGA 1:

Minnisvarði með platta með teikningu af Magnúsarbakaríi, Tungu, Hótel Berg og texta um húsið og Magnús Bergsson, stofnanda þess.



Steinn - Herjólfsbær


Tillaga að staðsetningu. Steinn með áletruðum platta og malarstígur að honum, sambærilegt við þann sem er á móti.



TILLAGA 2:

Bekkur og smá hringlaga svæði í kring um steininn.

Það væri mjög gott fyrir bæjarbúa og ferðamenn að hafa bekk í brekkunni, þar sem hægt er að slaka á og njóta útsýnisins til vesturs.



HEIMAGATA - skilti

Óskar Sigmundsson: Oskar@maros.de - s: +49 (0) 4721-74924-44
Gunnar Júlíusson: gunnar@dinamit.is - s: 844 0806
Sighvatur Jónsson: hvati@hvati.is - s: 845 8033
Halldór S. Magnússon: s: 891 7647